



Aðstoðarslökkviliðsstjóri

STARFSLÝSING

Yfirmaður: Slökkviliðsstjóri

Stofnun / Deild: Slökkvistöð Hrauni

1. Stjórnskipun, ábyrgð, markmið og meginviðfangsefni

Er hluti af stjórnandateymi slökkviliðs og næstráðandi slökkviliðsstjóra í fjarveru hans. Ber faglega og fjárhagslega ábyrgð á verkefnum sínum gagnvart slökkviliðsstjóra. Fer með daglega stjórn á útkallsdeild liðsins og skipuleggur æfingar og þjálfun þess. Telst til vakhafandi liðsheildar og sinnir útköllum þegar þörf er á vegna álags og mönnunar liðsins. Hagar vinnu sinni í samræmi við lög, reglugerðir, starfslýsingu og starfsmannastefnu Fjarðabyggðar.

2. Helstu verkefni

2.1. Stjórnunarstörf og varðstaða

- Dagleg starfsmannastjórn og umsjón með vaktaskipulagi starfsmanna, fjarveruskráningu og afleysingum.
- Skil á tímaskýrslum og gerð á launaskýrslum vegna launavinnslu.
- Umsjón og eftirlit með að hlutastarfandi slökkviliðs- og sjúkraflutningsmenn búi yfir og viðhaldi faglegri þekkingu sinni.
- Umhald um skráningu á útköllum, menntun, þjálfun og æfingum slökkviliðs- og sjúkraflutningsmanna.
- Sinnir bakvöktum yfirstjórnar slökkviliðs.
- Leiðsögn og ráðgjöf til starfsmanna.
- Sinnir slökkvistörfum og sjúkraflutningum þegar þörf er á vegna álags og mönnunar liðsins.
- Stjórnar starfsemi slökkviliðs meðan hann sinnir bakvöktum yfirstjórnar slökkviliðs.
- Umsjón með rekstri á flugöryggisþjónustu (AFIS) á flugvelli á Norðfirði. Í því felst mannaforráð á velli við flugþjónustuna þ.m.t. móttöku flugvéla. Þá einnig að reksturinn sé í samræmi við þau framlög sem koma til reksturs á velli.

2.2. Skipulag, stjórnsýsla og stefnumótun

- Skipulagning, umsjón og skráning á útseldri þjónustu og utanumhald vegna reikningagerðar.
- Gerð verkferla sem varða viðfangsefni hans, aðstoð við gerð slökkvi- og viðbragsáætlana.
- Upplýsingagjöf og ráðgjöf til fyrirtækja og stofnana í sveitarfélaginu um eldvarnir og öryggi.
- Þátttaka í stefnumótun og markmiðasetningu slökkviliðs, fjárhags- og starfsáætlunum.

2.3. Forvarnarstörf og eftirlit



- Skipuleggur og hefur umsjón með forvarnarverkefnum slökkviliðsins
- Skráning og varðveisla upplýsinga í gagnagrunna Mannvirkjastofnunar og eldvarnaeftirlits
- Umsjón og eftirlit með virkni brunahana í samstarfi við vatnsveitu og slökkviliðsstjóra.
- Skipuleggur og tekur þátt í að veita fræðslu til stofnana, fyrirtækja og almennings.

2.4. Fjármál

- Aðstoðar við gerð fjárhags- og starfsáætlana.
- Fjárhagsleg ábyrgð á innkaupakorti og eftirliti með daglegum innkaupum.

2.5. Mannaforráð, stjórnun og ábyrgð

- Næst æðsti yfirmaður slökkviliðs og hefur forráð yfir starfsmönnum slökkviliðsins í fjarveru slökkviliðsstjóra.
- Stýrir útkallsdeild sem stjórnandi á skipulögðum bakvöktum.
- Dagleg forráð yfir vaktmönnum
- Ber ábyrgð á vaktaskipulagi og mönnun vakta.
- Hefur umsjón með eftirfylgni verkferla sem varða slökkvilið.
- Ber ábyrgð á skilum á tíma- og launaskýrslum.
- Umsjón og framkvæmd æfinga slökkviliðs- og sjúkraflutningsmanna.
- Ber ábyrgð á þjálfunar- og æfingaskrá.
- Ber ábyrgð á framkvæmd og skipulagningu forvarnarstarfs slökkviliðsins, s.s. í grunn- og leikskólum. Ábyrgð á stjórnun slökkviliðs í fjarveru slökkviliðsstjóra.

2.6. Samskipti

- Samskipti við slökkviliðsstjóra, starfsmenn slökkviliðs, tengda viðbragðsaðila, Mannvirkjastofnun, Heilbrigðisstofnun, birgja, viðskiptavini slökkviliðs, íbúa sveitarfélags, fyrirtæki og stofnanir.
- Sinnir samskiptum við fjölmiðla á vettvangi í fjarveru slökkviliðsstjóra.
- Þátttaka í starfsmannafundum og öðrum fundum með undirmönnum.
- Þátttaka í þeim fundum slökkviliðs sem slökkviliðsstjóri óskar eftir.

2.7. Önnur verkefni

- Er staðgengill slökkviliðsstjóra.
- Aðstoðar við mannhald og gerð fjárhags- og starfsáætlana.
- Þátttaka í stefnumótun og markmiðasetningu slökkviliðs.
- Önnur störf sem slökkviliðsstjóri kann að fela honum enda samrýmist þau starfssviði hans.



3. Hæfni- og samstarfsmarkmið

3.1. Menntun og reynsla

- Starfsmaður skal uppfylla ákvæði 15. og 17. greina laga nr. 75/2000 um brunavarnir ásamt skilyrðum reglugerðar nr. 792/2001 um menntun, réttindi og skildur slökkviliðsmanna.
- Grunnám sjúkraflutningamanna eða sambærileg reynsla.
- Reynsla af stjórnun, rekstri og stefnumótun.
- Fagleg þekking á viðfangsefnum slökkviliðs.
- Þekking á undirbúningi og stjórnun funda
- Almenn tölvukunnátta.
- Geta til að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli.

3.2. Hæfnisþættir

- Leiðtogahæfni, drifkraftur og fagmennska
- Líkamlegt atgervi til að stjórna slökkvistarfi.
- Jákvætt viðhorf og framúrskarandi samskiptahæfni.
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni.
- Geta til að taka þátt og stjórna breytingum.
- Reglusemi í umgengni og starfsháttum.
- Áhugi á að taka þátt í teymisstarfi og umbótaverkefnum

Fjarðabyggð _____

Yfirmaður

Starfsmaður